

Ágætu bæjarfulltrúar:
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Halla Björk Reynisdóttir
Hilda Jana Gísladóttir

Í framhaldi af fundi okkar þann 10. júlí síðastliðinn sendum við hér eftirfarandi greinargerð og beiðni.

Greinargerð

Iðnaðarsafnið hlaut viðurkenningu Safnaráðs sem löggilt safn í október 2014 samkvæmt 10. gr. safnalaga 141/2011. Slík viðurkenning leggur ákveðnar kvaðir á safnið svo sem:

Skilgreinda eignaraðild, húsnæði og öryggismál. Safn skal starfa eftir söfnunarstefnu og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæðum laga. Samkvæmt því skal safn veita skólanemendum, sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum, aðgang án gjaldtöku. Einnig að hafa öryggismál í lagi og gott aðgengi fyrir alla. Í þessum þáttum hefur safnið staðið sig vel.

Safnaráð skilgreinir eðlilegan fjárhagsgrundvöll með eftirfarandi hætti: „Að safnið hafi bolmagn til standa undir faglegru starfsemi í samræmi við skilyrði safnaráðs“. Hér vantar talsvert upp á; sem hollvinar safnsins hafa getað brúað fram til þessa. Vinnuframlag Hollvinafélags Iðnaðarsafnsins undanfarin fimm ár, utan laugardagsopnunar, hefur verið 1,1 til 1,5 ársverk unnin af tveimur einstaklingum.

Tölfræðilegar upplýsingar

Á ársgrundvelli eru laun starfsmanns, með launatengdum gjöldum u.þ.b. kr. 6.240.000. Ef eingöngu er horft til þess tíma sem safnið er opið samkvæmt auglýstum tíma þ.e.a.s. laugardagsopnun yfir vetrartímamann, frá 1. júní til 14. september, auk móttöku skólahópa og annarra gestahópa er sá kostnaður rúnar kr. 4.600.000.

Staðan í dag er sú að það vantar u.þ.b. kr. 1.200.000 til að endar nái saman í ár.

Gestatölur frá 2017:

Alls fjöldi gesta: 1746 (lítilsháttar fjölgun frá 2016). Fjöldi skólahópa: 16, aðrar heimsóknir hópa: 10.

Beiðni

Það er ósk okkar að Akureyrarbær geti hlaupið undir bagga og tryggt starf allt árið fyrir einn starfsmann. Með slíku framtaki væri unnt að halda rekstri safnsins gangandi og þannig stuðlað að áframhaldandi varðveislu á iðnaðarsögu Akureyrar í formi muna, mynda og munnlegrar geymdar.

Ef ekki tekst að fjármagna reksturinn mun safnið loka um miðjan ágúst um óákveðinn tíma; eða þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir um framtíð þess.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn E. Arnórsson hollvinur/sjálfbóðaliði og safnstjóri Iðnaðarsafnsins
Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir safnvörður
Jakob Tryggvason hollvinur/sjálfbóðaliði